

## STJÓRN SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2004. Fimmtudaginn 16. desember var haldinn 244. fundur Stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn á Fríkirkjuvegi 11 og hófst kl. 08:20. Viðstaddir voru: Ingvar Sverrisson formaður, Ingi Þór Hermannsson, Sigmar Eðvardsson, Páll Grétarsson, Páll Ármann Eggertsson, Sigurður Guðmundsson, Andrés Ingólfsson, Egill T. Jóhannsson og Ragnar Örn Pétursson. Sigmundur Stefánsson boðaði forföll. Jafnframt: Logi Sigurfinnsson framkvæmdastjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem skrifaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lögð fram fundargerð seinasta fundar.
2. Lagðar fram fundargerðir rekstrarstjórnar nr. 64 og 65.
3. Á fundinn kom Gunnar Páll Eydal og kynnti meistaraverkefni sitt í umhverfisstjórnun: Sjálfbær þróun í Bláfjöllum; kerfi til sjálfbærrar stjórnunar.
4. Lagt fram bréf Íþróttabandalags Reykjavíkur dags. 24. nóvember sl. varðandi mælingar á veðurfari við Botnssúlur m.t.t. uppbyggingar skíðasvæðis. Vísað til framkvæmdastjóra.
5. Fundartími stjórnarinnar á næsta ári. Samþykkt að halda fundi seinasta miðvikudag í mánuði.
6. Lögð fram útkomuspá vegna ársins 2004 og þriggja ára áætlun ásamt minnisblaði um fjárhagsáætlun.
7. Rætt um stefnumótun skíðasvæðanna. Framkvæmdastjóri mun taka saman greinargerð og senda sveitarfélögunum með ársuppgjöri.  
  
Kl. 9:35 vék fundarritari af fundi og framkvæmdastjóri tók við fundarritun.
8. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu framkvæmda við nýja lyftu. Jafnframt lögð fram fundargerð vegna fundar með yfirmönnum Poma vegna framkvæmdanna.
9. Rætt um formlega opnun á nýrri lyftu í Bláfjöllum. Opnun áætluð 29 janúar 2005. Lagt fram minnisblað rekstrarstjórnar vegna opunarinnar. Vísað til framkvæmdastjóra til nánari útfærslu.

Fundi slitið kl. 10:00.

Ingvar Sverrisson

Ragnar Örn Pétursson  
Páll Grétarsson  
Andrés Ingólfsson  
Ingi Þór Hermannsson

Sigmar Eðvardsson  
Páll Ármann Eggertsson  
Egill T. Jóhannsson  
Sigurður Guðmundsson